

Stelpan frá Stokkseyri - saga Margrétar Frímansdóttur (2006)

Bókarhöfundur: Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Bókarheiti: Stelpan frá Stokkseyri – saga Margrétar Frímansdóttur

Gagnrýnandi: Heiðar Örn Sigurfinnsson

Útgáfa: Bókaútgáfan Hólar 2006, 399 bls.

AFAR ATHYGLISVERÐ SAGA BARÁTTUKONU SEM VANN SIG UPP AF FRYSTIHÚSGÓLFINU INN Á ÞING

Fyrir stjórn málafræðinga og aðra áhugamenn um stjórn máli er það venjulega hvalreki þegar út kemur ævisaga stjórn málamanns, svo ekki sé talað um sögu samtímastjórn málamanns. Það er áhugavert að lesa um þátttöku viðkomandi stjórn málamanns í stórviðburðum seinni ára, skoðanir hans á stórum málum og smáum og samband hans við aðra stjórn málamenn. Á hinn bóginn ber oft að varast ævisögur stjórn málamanna sem sagnfræðilegar heimildir. Stjórn málamenn hafa hagsmuna að gæta, þeir vilja gjarnan fegra arfleifð sína og varpa ljósi, sér í hag, á ýmis mál. Þó skal sérstaklega tekið fram að ekki er efast um að Margrét Frímansdóttir sé heiðarleg í frásögn sinni í þessari bók. Af þessum sökum ber hins vegar að taka ævisögum stjórn málamanna með fyrirvara – eins og veiðisögum af stóra laxinum sem slapp.

Ólíkt sumum ævisögum sem komið hafa út undanfarin ár er þessi fremur stutt og fljótlesin enda stiklað á því allra stærsta á ævi og ferli Margrétar. Það er bæði kostur og galli við bókina. Saga Margrétar er persónuleg baráttusaga, hún byrjar á að fjalla um æskuár sín, rangfeðrun og líf hjá kjörforeldrum á Stokkseyri sem löngu síðar ættleiddu hana. Hún segir frá því þegar hún uppgötvaði hver raunverulegur faðir hennar er og frá því þegar hún hitti fjölskyldu hans, systkini sín. Hún segir frá erfiðu fyrri hjónabandi og öðrum sviptingum í einkalífi. En fyrst og fremst snýst sagan um stjórn málamanninn Margréti Frímansdóttur. Þannig hefst sagan þegar Margrét vann í fiskvinnslunni og varð annar varaþingmaður Alþýðubandalagsins á Suðurlandi árið 1979, þá 25 ára gömul, þremur árum síðar varð hún oddviti sveitarstjórnar á Stokkseyri. Síðan er í bókinni stiklað á stóru, einn kafli fjallar um þingsetu fyrir Alþýðubandalagið 1987-1995, annar um formannskosningarnar í Alþýðubandalaginu 1995, þar sem Margrét lagði Steingrím J. Sigfússon, og erfiða baráttu formanns við eigin þingflokki. Þriðji kafli fjallar um tilurð og stofnun Samfylkingarinnar. Eins og fyrr segir er bókin styttri en sambærilegar ævisögur og fljótlesin. Gallinn er sá að sagan er ekki mjög nákvæm á köflum.

Athyglisvert er að lesa um fyrstu tvö kjörtímabil Margrétar á þingi fyrir Alþýðubandalagið. Í ævisögu eins og þessari má alltaf búast við uppgjöri við pólitíska andstæðinga eða samherja og ekki vantar það í þessa bók. Hér verður að hafa í huga að Margrét segir söguna frá sínum sjónarhóli, skoðanir andstæðinga fá yfirleitt ekki að koma fram. Kafliinn heitir Með strákunum á Alþingi og vísar titillinn í skoðun Margrétar að þingflokkurinn hafi verið karlklúbbur sem leit á þær fáu konur sem þar var að finna sem annars flokks þingmenn eða punt. Raunar er þessi skoðun margítrekuð í bókinni allri og merkilegt hvað Margrét álitur kynferði sitt hafa gert sér erfitt fyrir fyrstu árin í pólitík. Sama á við um menntunina. Í bókinni er margendurtekið að lítil menntun hennar hafi verið álitin til trafala. En í bókinni gerir Margrét upp við Steingrím J. Sigfússon, sem hún reyndar uppefnir erfðaprinsinn því það var ríkjandi skoðun innan þingflokksins að hann ætti að taka við forystu í Alþýðubandalaginu árið 1995. Raunar þeinist uppgjörið að „fámennri klíku“ innan þingflokksins sem þar stjórnaði því sem hún vildi stjórna. Í klíkunni voru aðeins karlar. Margrét og Steingrímur komu bæði ný inn í þingflokkinn árið 1987 og ekki laust við að tónninn sé bitur í garð Steingríms, til að mynda í umfjöllun um Mógilsármálið. En hún ljóstrar einnig upp um athyglisverð vinnubrögð í stórum málum. Til dæmis óskaði hún eftir fyrirgreiðslu fyrir heimabyggð sína þegar Alþýðubandalagið komst í ríkisstjórn 1988. Fyrirgreiðslu var ekki að fá. Hún bendir einnig á hvernig lítill kjarni þingflokksins átti að ákveða afstöðu flokksins til samningsins um EES. Loks koma dæmi af því hvernig hún blekkti fjölmiðla til að gæta að liðsheild innan flokksins.

Þá kemur Margrét að framboði sínu til formanns Alþýðubandalagsins árið 1995 en þar atti hún kappi við Steingrím J. Eins og fram hefur komið leit „klíkan“ á Steingrím J. sem erfðaprinsinn þótt Margrét færi með sigur af hólmi í kosningunum. Í kjölfar formannskosninganna virðis „strákaklíkan“ í þingflokknum svo hafa gert henni lífið eins erfitt og mögulegt var.

Hingað til hefur lítið verið skrifað um tilurð og stofnun Samfylkingarinnar og því áhugavert að skoða þá mynd sem Margrét dregur upp. Auðvitað var ekki átakalaust að sannfæra félagsmenn í Alþýðubandalaginu um sameiningu enda klofnaði hópur þingmanna frá Alþýðubandalaginu og þeir

stofnuðu síðan Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Tónn Margrétar í garð þeirra Steingríms J. og Hjörleifs Guttormssonar er ekki blíður. En Margrét stiklar á stóru á fyrstu árum Samfylkingarinnar og á einum stað segir orðrétt: „Ég hélt það ætti að vera lýðnum ljóst að ég átti stærstan þátt í því að Samfylkingin varð til.“ Hún segist loks hafa verið ósammála þeirri ákvörðun Össuar Skarphéðinssonar, þáverandi formanns Samfylkingarinnar, að leiða flokkinn aðeins til hálfis og fá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra til liðs við Samfylkinguna. Það er raunar mjög athyglisverð staðreynd að Margrét fjallar nánast ekkert um það kjörtímabil sem nú er að enda. Prálátar sögur hafa gengið um slæmt samband Margrétar við Ingibjörgu Sólrúnu, formann Samfylkingarinnar. Margrét gerir sér far um að slá á ýmsar kjaftasögur í bókinni en þessi saga fær að lifa því að ekki er minnst einu orði á samskipti þeirra tveggja og samkvæmt nafnalista aftast í bókinni er aðeins sex sinnum minnst á Ingibjörgu Sólrúnu. Áhugamenn um stjórnámál hefðu eflaust viljað heyra meira af samskiptum þeirra tveggja, sérstaklega í ljósi þess sem hér hefur komið fram að Margrét var ósammála þeirri ákvörðun að kalla hana til liðs við forystu Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar 2003. Er einhver sérstök ástæða fyrir þessari þögn um þetta kjörtímabil? Er það nokkuð sú að kosningar eru í nánd og gæta þarf að liðsheildinni?

Í lok bókarinnar fjallar Margrét um baráttu sína við erfið veikindi og um pólitísk hugðarefni sín.

Á heildina litið er bókin afar athyglisverð saga baráttukonu sem vann sig upp af frystihússgólfinu inn á þing. Viðhorf Margrétar til ýmissa mála eru einnig athyglisverð sem og samskipti við pólitíska samtíðarmenn. Það er mat undirritaðs að bókin gjaldi fyrir það hve stiklað er á stóru á pólitískum ferli Margrétar Frímansdóttur. Átakasögur, sem þessi er svo sannarlega í aðra röndina að minnsta kosti, eiga að vera nákvæmari. Hún er hins vegar lipurlega skrifuð og auðlesin. Þessi grein hófst á varúðarorðum í garð pólitískra ævisagna. Stjórnámálamenn vilja skilja góðu búi og góðri pólitískri arfleifð og varúðarorðin verða ekki aftur tekin. Það er augljóslega galli að ekkert er fjallað um pólitískt líf Margrétar sem næst okkur er í tíma.